

UPPLÝSINGAR FRÁ SKÓLABÚÐUNUM REYKJASKÓLA OG VALHÚSASKÓLA

STARFIÐ Í SKÓLABÚÐUNUM beinist í öllum aðalatriðum að sömu markmiðum og starfið í almennum grunnskóla. Í skólabúðum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi markmið og að því stefnt að:

- skapa samstöðu og efla samvinnu milli nemenda og kennara
- auka félagslega aðlögun nemenda
- þroska sjálfstæði nemenda
- nemendur fáist við ný og áður óþekkt viðfangsefni
- nemendur kynnist nýju umhverfi og ólíkum lífsmáta
- örva löngun nemenda til að athuga og rannsaka umhverfið og komast að niðurstöðu
- auka athyglisgáfu nemenda
- tengja námsefnið veruleikanum
- útvega efni til eftirvinnslu í heimaskóla

VIÐFANGSEFNI geta orðið breytileg eftir aðstæðum. Þó er fullvíst að megináhersla verður lögð á ferðir í fjöru, á byggðasafn, fjármálafræðslu, íþróttir og útiveru. **Því þurfa nemendur m.a. að hafa með sér hlýjan útifatnað (hlífðarföt), stígvél, íþróttaföt og sundföt.** Þá skiptast nemendur á við störf í borðstofu. Rétt er að benda nemendum á að í skólabúðirnar eru þeir komnir til að læra en þó með nokkuð öðru sniði en í venjulegum skóla. **Mætingarskylda er í alla dagskrárliði.**

Á HEIMAVISTINNI eru flest herbergi tveggja til fjögurra manna og umsjónarkennarar hafa þegar raðað nemendum í herbergi og kynnt herbergjaskipan fyrir nemendum. **Nemendur þurfa að hafa meðferðis lak til að breiða á rúm sín hvort sem þeir eru með svefnpoka eða öðruvísi rúmfatnað.**

NEMENDUR BERA SJÁLFIR ÁBYRGÐ á þeim búnaði sem þeir hafa meðferðis s.s. fatnaði, myndavél, geisladiskum og hljómflutningstækjum. **Það er því gott að benda nemendum á að merkja allar eigur sínar vandlega.** Nemendur ættu ekki að hafa neina peninga meðferðis nema í mesta lagi nokkra 10 kr. peninga til að nota í síma. **Bannað er að hafa sælgæti með sér í skólabúðirnar.**

KOMUTÍMI er um kl. 11:30 – 12:00 á mánudögum. Þá verður komið út í rútu og tekið á móti nemendum og kennurum þeirra og þeim vísað á heimavistir. Síðan verða starfsmenn skólabúðanna kynntir fyrir nemendum og borðaður hádegisverður. Að því


SKÓLABÚÐIRNAR REYKJASKÓLA

500 STAÐUR

Sími: 451-0000

Fax: 451-0002

www.skolabudir.is



loknu koma nemendur sér fyrir í herbergjum sínum og búast til að hefja störf kl. 14.00 skv. dagskrá (sjá meðfylgjandi stundatöflu). *Áður en komið er þurfa kennarar að skipta nemendum sínum í 3 hópa og best er að láta herbergisfélaga fylgjast að. Gott er ef kennarar geta sent hópalistana á undan sér með tölvupósti, t.d. á föstudegi.*

KVÖLDVÖKUR eru drjúgur þáttur í félagsstarfi nemenda og er því mikilvægt að kennari hafi aðstoðað nemendur við undirbúning kvöldvökuefnis áður en komið er í skólalabúðirnar. Benda má á stutta leikþætti og leiki sem nemendur geta skipst á að flytja eða stjórna og best er að sem flestir eða allir geti tekið þátt í einhverju slíku. Ætlast er til að kennarar sem koma með nemendum vinni saman að skipulagningu og stjórnun á kvöldvökum.

DAGBÓK kemur í góðar þarfir þegar heim er komið. Það auðveldar eftirvinnu og krefst umhugsunar um verkefni og dvölin. Þess vegna ætti kennari að hvetja nemendur sína til að færa hana nákvæmlega. Nemendur fá dagbók til að skrifa í í tengslum við fjármálafræðsluna en þurfa sjálfir að koma með pennaveski sem kemur einnig að góðum notum við aðra verkefnavinnu. Fróðlegt væri fyrir skólalabúðakennara ef bekkjarkennari sendi sýnishorn af eftirvinnu nemenda.

SÍMI: GSM símar eru ekki leyfðir meðal nemenda en við viljum benda á að nemendur geta fengið að hringja hjá komukennurum sem hafa aðgang að sínum frá okkur. Aðeins er hægt að hringja í heimasíma en ekki í gsm síma. Símtalið kostar 50- kr. Þá er vert að mælast til þess við foreldra að stilla símhringingum til nemenda í hóf þar sem þær orsaka oft heimþrá hjá nemendum og því er best að sneiða hjá.

Í MÖTUNEYTI skólalabúðanna er boðið upp á staðgóðan mat og því er óþarfi að taka mér sér nokkurt nesti. Nauðsynlegt er að fá tímanlega upplýsingar frá bekkjarkennurum um mataróþol og matarofnæmi nemenda svo hægt sé að bregðast við slíku á réttan hátt.

BROTTFARARTÍMI er um kl. 12.30 á föstudögum. Þá er hádegismatur kl. 11.30. Ef hægt er að koma því við án mikillar fyrirhafnar eða aukakostnaðar mælum við með að rútur séu komnar það tímanlega að hægt sé að lesta fyrir mat.

ÞÁTTÖKUGJALD á nemanda skólaárið 2010-2011 er **kr.19.000.-**

AÐ LOKUM

Unnið er að því að bæta aðstöðu nemenda t.d. með setustofum, fjölbreytni í afþreyingu og fleira. Til þess að auðvelda okkur þetta þá ítrekum við að góð umgengni í hvívetna, virðing fyrir umhverfinu og húsakynnum er nokkuð sem vert er að ræða við nemendur. Sjaldan er góð vísa of oft kveðin.

Reglur Skólalabúðanna að Reykjum:


- Þess er vænst að allir sem koma í skólalabúðirnar gangi vel um hús og húsmuni og sýni tillitssemi í allri umgengni. Gestir verða gerðir ábyrgir fyrir skemmdum sem þeir kunna að valda.*

SKÓLABÚÐIRNAR REYKJASKÓLA
500 STAÐUR

Sími: 451-0000

Fax: 451-0002

www.skolabudir.is



2. Nemendur mega ekki fara út af skólalabúðasvæðinu án leyfis.
3. Nemendur eiga að vera stundvísir til starfs og leikja.
4. Öllum nemendum ber að hlíta fyrirmælum starfsfólks skólalabúðanna og bekkjarkennara.
5. Brot á reglum geta varðað brottvísun.

Að öðru leyti gilda almennar skólareglur grunnskóla á Íslandi

DÆMI UM ÚTBÚNAÐ NEMENDA

Sæng, koddí og sængurföt eða svefnpoki

Lak

Tannbursti, tannkrem

Snyrtidót

Handklæði

Náttföt

Sundföt

Inniskór

Myndavél (ef til er)

Íþróttafatnaður

Strigaskór

Regnföt (vind- og regnheld)

Vaðstígvél (ef til eru)

Hlý peysa

Aukabuxur

Nóg af nærfötum og sokkum

Ritföng

Vasaljós + auka fafhlöður

Við vonumst eftir að eiga góða samvinnu við bekkjarkennara og treystum á að þeir hjálpi okkur við að gera góðar skólalabúðir betri.

Ef foreldrar þurfa að hafa samband við kennara eru þeir beðnir um að hringja í síma **451-0008**.

Mikilvægt er að foreldrar setji sig í samband við bekkjarkennara ef það er eitthvað sérstakt sem þarf að fylgja barninu.

Eftirfarandi starfsmenn fara í ferðina:

Hanna Dóra Birgisdóttir

Rakel María Óskarsdóttir

Erla Lárusdóttir

Jóhanna Ólafsdóttir

Eva Ingimarsdóttir

Kv. skólalastjórnendur

SKÓLABÚÐIRNAR REYKJASKÓLA
500 STAÐUR

Sími: 451-0000

Fax: 451-0002

www.skolabudir.is